

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri Véltækni VTÆ212 Kennsluáætlun Vorönn 2012	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		

Kennari	Ingimar Árnason	Sk.st.	ING
----------------	-----------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Verklegar æfingar og rannsóknir til að styrkja undanfara í vélfræðigreinum og veita nokra þjálfun. Rannsóknirnar eru unnar í tveggja- til fjögurra manna hópum. Hver nemandi skilar skýrslu yfir hverja æfingu og skal henni skilað í næsta tíma eftir að viðkomandi æfing var tekin. Í skýrslunni skulu koma fram helstu mæliniðurstöður, útreikningar, línumit og ályktanir sem dregnar eru af niðurstöðum æfingarinnar. Í þessum áfanga skal skipuleggja eina heimsókn í varmaorkuver eða vatnsaflsstöð og er æskilegt að verkefni verði unnin í tengslum við þá heimsókn.

Markmið:

Verklegar æfingar og rannsóknir til að styrkja undanfara í vélfræðigreinum og veita nokra þjálfun. Í þessum áfanga eru skipulagðar heimsóknir í varmaorkuver og vatnsaflsstöð og eru æfingar unnar í tengslum við þær heimsóknir.

Kennslutilhögun:

Mikilvægt er að nemendur undirbúi sig vel fyrir æfingarnar og þurfi sem minnst að leita til kennara um framkvæmd þeirra.

Rannsóknirnar eru unnar í 2. – 4. manna hópum.

Skilafrestur skýrslna er 1 vika. Nemandinn getur fengið ráðleggingar frá kennara á skólatíma meðan skilafrestur er, ef þörf er á .

Rannsóknunum má skipta í eftirfarandi starfshætti:

- 1) Söfnun staðreynda (fundnar með mælingum, unnið af hópnum).
- 2) Úrvinnsla úr staðreyndum þannig að nýjar afleiddar staðreyndir komi fram (unnið af hópnum).
- 3) Ályktanir dregnar og mat gert á ríkjandi ástandi. Inngríp gert í kerfið til að bæta rekstur þess eða rökstuddar tillögur um úrbætur (einstaklingsvinna þar sem hægt er að koma því við).

Ganga skal vel frá öllum tækjum og áhöldum sem notuð eru við rannsóknirnar áður en svæðið er yfirgefið.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri		
Útgáfa: 08			
Dags.: 30.08.2011			
Höfundur: HRS			
Samþykkt: SHJ	Véltækni VTÆ212		
Síða 2 af 3	Kennsluáætlun Vorönn 2012		

Námsgögn:

Tegund	Námsgögn
Verklegar æfingar	VTÆ 212 frá kennara rafrænt

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni:	Verkefni
2	Undirbúningur	
3. – 5.	Æfing nr. 212-1. Peltonhverfill. Æfing nr. 212-3. Varmafræði eimtúrbínu og eimkerfis. Æfing nr. 212-4. Samhæfing stillis að stillitakanum, Nichols og Ziegler aðferðin.	Gilkes kennslutæki Hermir MC 90 Hermir MC 90
6	Heimsókn til Hitaveitu Akureyrar.	
7. - 9	Æfing nr. 212-2. Francishverfill. Æfing nr. 212-6. Athugun á P-verkun stillis Æfing nr. 212-7. Áhrif skipsskrúfunnar á varmalestun vélarinnar.	Gilkes kennslutæki Hermir MC 90 Hermir MC90
10	Uppsóp	
11. – 13.	Æfing nr. 212-5. Varmajöfnuður kælikerfis Æfing nr. 212-8. Lofttemprunarkerfi og ástandsbreytingar andrúmslofts Æfing nr. 212-9. _____	Hermir MC 90 Hermir MC 90
14	Páskafrí	
15	Páskafrí	
16. -17	Heimsókn í Djúpadalsvirkjun og tilheyrandi verkefni	

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri Véltækni VTÆ212 Kennsluáætlun Vorönn 2012	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		



Námsmat og vægi námsþáttar:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Verklegt	Skýrslur	100.00%
Annað	<p>Við mat á skýrslum er fyrst og fremst tekið tillit til eftirfarandi atriða:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) Nákvæmni í aflestrum og rökrétrar úrvinnslu úr þeim. b) Ályktana dregnum af rannsóknarniðurstöðum og skulu þær koma fram í eftirmála. Eftirmáli byggist á sjálfstæðu mati nemandans. c) Frágangs og uppsetningu skýrslunnar. d) Stundvísni í framkvæmd og skilum á skýrslum. <p>Vegna þess hve mikill hluti námsins fer fram í verklegum kennslustundum og vægi verkefna í lokaeinkunn er hátt hefur nemandi sagt sig úr áfanganum sé mæting undir 90%</p>	

Dagsetning:

7jan 2012

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils